# Skeljungur hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. janúar til 31. mars 2018

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Kt. 590269 -1749

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur ........ 4

Yfirlit um heildarafkomu ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Skeljungs hf. hefur að geyma samstæðureikning Skeljungs hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018 voru 9.909 millj. kr. (2017: 11.236 millj. kr.) og hagnaður nam 416 millj. kr. (2017: 255 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 31. mars 2018 námu eignir samstæðunnar 21.174 millj. kr. (2017: 20.999 millj. kr.) og skuldir 13.591 millj. kr. (2017: 13.118 millj. kr.). Eigið fé nam 7.583 millj. kr. (2017: 7.881 millj. kr.) og var eiginfjárhlutfall 36% (2017: 38%).

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árshlutareikninga IAS34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Það er álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. mars 2018.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Skeljungs hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 08. maí 2018.

**Stjórn**

Jón Diðrik Jónsson, formaður

Birna Ósk Einarsdóttir

Gunn Ellefsen

Jens Meinhard Rasmussen

Baldur Már Helgason

**Forstjóri**

Hendrik Egholm

# Rekstrarreikningur1. janúar til 31. mars 2018

| | Skýr. | 2018<br>1.1 - 31.3. | 2017<br>1.1 - 31.3. |
|---|---|---|---|
| Sala | 4 | 9.909 | 11.236 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 5 | ( 8.163) | ( 9.576) |
| **Framlegð** | | **1.746** | **1.660** |
| Aðrar rekstrartekjur | | 151 | 26 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 459) | ( 477) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | | ( 499) | ( 437) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 124) | ( 144) |
| | | ( 1.082) | ( 1.059) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)** | | **815** | **627** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | | ( 198) | ( 190) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)** | | **617** | **437** |
| Fjármunatekjur | | 6 | 5 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 81) | ( 127) |
| | | ( 75) | ( 122) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 16) | 0 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | **526** | **315** |
| Tekjuskattur | 6 | ( 110) | ( 60) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | **416** | **255** |
| | | 0 | |
| **Skipting hagnaðar** | | | |
| Eigendur móðurfélags | | 399 | 255 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | 17 | 0 |
| | | 416 | 255 |
| **Hagnaðarhlutur:** | | | |
| Hagnaður á hlut | | 0,20 | 0,12 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 0,20 | 0,12 |

Skýringar á blaðsíðum 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# Yfirlit um heildarafkomu1. janúar til 31. mars 2018

| | Skýr. | 2018<br>1.1. - 31.3. | 2017<br>1.1 - 31.3. |
|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | | **416** | **255** |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi:** | | | |
| Þýðingarmunur hlutdeildar- og dótturfélaga | | ( 95) | 49 |
| Þýðingamunur vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar | | 59 | 0 |
| Tekjuskattsáhrif vegna varna hreinna fjárfestinga | | ( 12) | 0 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | **368** | **305** |
| **Skipting heildarhagnaðar** | | | |
| Eigendur móðurfélags | | 351 | 255 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | 17 | 0 |
| | | 368 | 255 |

Skýringar á blaðsíðum 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

# Efnahagsreikningur 2018

| | Skýr. | 31.03.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Viðskiptavild | | 3.162 | 3.217 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 659 | 689 |
| Rekstrarfjármunir | | 9.578 | 9.589 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 515 | 450 |
| Langtímakröfur | | 5 | 7 |
| Fastafjármunir | | 13.920 | 13.952 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 2.467 | 2.869 |
| Viðskiptakröfur | | 4.057 | 3.409 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 354 | 341 |
| Handbært fé | | 375 | 428 |
| Veltufjármunir | | 7.253 | 7.047 |
| **Eignir samtals** | | **21.174** | **20.999** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.053 | 2.077 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.210 | 3.210 |
| Lögbundinn varasjóður | | 427 | 407 |
| Varasjóður vegna kaupréttarsamninga | | 1 | 1 |
| Þýðingarmunur eignarhluta í dótturfélagi | | ( 1.154) | ( 1.132) |
| Bundinn reikn. vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 863 | 867 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.153 | 2.442 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | | 7.553 | 7.872 |
| Hlutdeild minnihluta | | 30 | 9 |
| Eigið fé samtals | | 7.583 | 7.881 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 8 | 612 | 609 |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 4.697 | 4.875 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | 5.309 | 5.484 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 1.840 | 2.017 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.956 | 2.086 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 9 | 357 | 366 |
| Skuldir við tengd félög | | 10 | 83 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 334 | 255 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.286 | 2.827 |
| Ógreiddur úthlutaður arður | | 500 | 0 |
| Skammtímaskuldir | | 8.282 | 7.635 |
| Skuldir samtals | | 13.591 | 13.118 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **21.174** | **20.999** |

Skýringar á blaðsíðum 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 2018

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lögbundinn varasjóður | Varasjóður v. kaupréttar-samninga | Þýðingar-munur | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé hluthafa móðurfélags | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | | | | | | | | | | |
| Eigið fé hluthafa 31.12.2016 ............... | 2.100 | 3.115 | 370 | 37 | ( 1.150) | 633 | 2.008 | 7.112 | 0 | 7.112 |
| Hagnaður tímabilsins ......................... | | | | | | | 255 | 255 | | 255 |
| Önnur heildarafkoma ......................... | | | | | 49 | | | 49 | | 49 |
| Heildarhagnaður tímabilsins .............. | | | | | 49 | 0 | 255 | 305 | 0 | 305 |
| Bundið vegna hlutdeildar í dóttur- og hlutdeildarfélögum ............................ | | | | | | 0 | 0 | 0 | | |
| Lagt í lögbundinn varasjóð ................. | | | 0 | | | | 0 | 0 | | 0 |
| Lækkun hlutafjár ................................ | 0 | 0 | | | | | | 0 | | 0 |
| Staða 31.03.2017 ............................... | 2.100 | 3.115 | 370 | 37 | ( 1.100) | 633 | 2.263 | 7.417 | 0 | 7.417 |
| | | | | | | | | | | |
| 2018 | | | | | | | | | | |
| Eigið fé hluthafa 31.12.2017 ............... | 2.077 | 3.210 | 407 | 1 | ( 1.132) | 867 | 2.442 | 7.872 | 9 | 7.881 |
| Hagnaður tímabilsins ......................... | | | | | | | 399 | 399 | 17 | 416 |
| Önnur heildarafkoma ......................... | | | | | ( 48) | | | ( 48) | | ( 48) |
| Heildarhagnaður tímabilsins .............. | | | | | ( 48) | 0 | 399 | 351 | 17 | 368 |
| ***Viðskipti við eigendur félagsins*** | | | | | | | | | | |
| Bundið vegna hlutdeildar í dóttur- og hlutdeildarfélögum ............................ | | | | | 27 | ( 3) | ( 23) | 0 | | 0 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð ................. | | | 20 | | | | ( 20) | 0 | | 0 |
| Úthlutaður arður til hluthafa ............... | | | | | | | ( 500) | ( 500) | | ( 500) |
| Keypt eigin bréf .................................. | ( 25) | | | | | | ( 145) | ( 169) | | ( 169) |
| Breyting á minnihlutaeign .................. | | | | | | | | 0 | 4 | 4 |
| Staða 31.03.2018 ............................... | 2.053 | 3.210 | 427 | 1 | ( 1.154) | 863 | 2.153 | 7.553 | 30 | 7.583 |

Skýringar á blaðsíðum 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 416 | 255 |
| Leiðrétt fyrir: | | | |
| Afskriftir | | 198 | 190 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 16 | 0 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 70 | 122 |
| Sölutap (-hagnaður) eigna | | ( 104) | 1 |
| Tekjuskattur | 6 | 110 | 60 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 707 | 629 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Vörubirgðir, breyting | | 383 | 54 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | | ( 739) | ( 1.015) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | | 335 | 556 |
| | | ( 21) | ( 404) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 685 | 224 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 6 | 8 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 76) | ( 130) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 28) | ( 18) |
| Handbært fé frá rekstri | | 587 | 84 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 155) | ( 167) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 124 | 6 |
| Fjárfest í hlutdeildarfélögum | | ( 122) | 0 |
| Verðbréf, breyting | | 2 | 5 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 152) | ( 157) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innborgun hlutafjár í dótturfélagi | | 12 | 0 |
| Kaup á eigin bréfum | | ( 169) | 0 |
| Afborganir langtímalána | | ( 66) | ( 101) |
| Breyting langtímalána | | ( 37) | 0 |
| Skuld við tengd félög | | ( 66) | 0 |
| Handbært fé frá félagi í samstæðu | | 9 | 0 |
| Skammtímalán, breyting | | ( 167) | 329 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 485) | 227 |
| **Hækkun/(lækkun) á handbæru fé** | | ( 49) | 154 |
| **Handbært fé í byrjun árs** | | 428 | 185 |
| **Gengismunur á handbæru fé** | | ( 4) | 2 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 375 | 341 |

Skýringar á blaðsíðum 9-13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# Skýringar

## 1. Félagið

Skeljungur hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 26, Reykjavík. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæða" og eitt og sér sem „félag") og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Megintilgangur félagsins er innflutningur, birgðahald, sala og dreifing á eldsneyti og eldsneytistengdum vörum. Að auki selur félagið efnavöru og áburð og ýmsa smávöru. Samstæðan starfar á tveimur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi og í Færeyjum. Félagið selur einnig vöru og þjónustu til skipa á Norður-Atlantshafinu, í gegnum eigin birgðastöðvar og birgðastöðvar samstarfsaðila á svæðinu. Á Íslandi á og rekur Skeljungur 65 eldsneytisstöðvar og 4 birgðastöðvar. Í Færeyjum á og rekur félagið 11 smávöruverslanir og eldsneytisstöðvar og 2 birgðastöðvar. Í báðum löndum er viðskiptavinahópur félagsins breiður og spannar frá einstaklingum til stofnana og fyrirtækja í öllum geirum samfélagsins. Skeljungur á vörumerkin Orkan, á Íslandi, og Magn, í Færeyjum.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Samandreginn árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesast í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017 sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.skeljungur.is.

Stjórn Skeljungs samþykkti árshlutareikninginn 8. maí 2018.

### b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð samandregins árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2017 fyrir utan Í upphafi ársins 2018 tóku gildi tveir nýir reikningsskilastaðlar, IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini og IFRS 9 Fjármálagerningar.

Áhrif innleiðingar IFRS 9 á samstæðuna miðað við núverandi starfssemi hennar eru aðallega að aðferðafræði við mat á niðurfærslu krafna breytist, en samkvæmt staðlinum ber að færa miðað við vænt tap við ákvörðun á niðurfærslu í stað í stað áfallins taps (eða áorðins taps, e. expected loss). Þessi breytta aðferðafræði hefur óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar. Ef starfssemi samstæðunnar mun breytast svo sem með aukinni áherslu á fjárfestingarstarfsemi, mun staðallinn eftir atvikum hafa áhrif á færslu og mat fjármálagerninga hennar. IFRS 15 nær til sölu á vörum og þjónustu og setur heildstæðan ramma um veitingu upplýsinga til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavini. Samkvæmt fimm skrefatekjuskráningarlíkani IFRS15 skal haga tekjuinnlausn á þann veg að hún endurspegli afhendingu vöru og þjónustu til viðskiptavinar og þar með flutning yfirráða til hans. Tekjulíkan IFRS 15 er því ólíkt eldri reikningsskilareglum þar sem tekjuinnlausn byggðist á yfirfærslu áhættu og ávinnings. Upptaka IFRS 15 hafði ekki áhrif á árshlutareikninginn utan þess að tekjur eru sundurliðaðar ýtarlegar í þessum árshlutareikningi samanborið við fyrri árshlutareikninga, sjá skýringu nr. 4.

### c. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila í samræmi vð alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

### e. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. ársfjórðungi en á 1. og 4. fjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. fjórðungs en í lok 2. og 3. fjórðungs.

3. **Landfræðileg skipting**

Við framsetningu upplýsinga hér að neðan er byggt á landfræðilegri staðsetningu félaga í samstæðu.

**Árið 2018**

| **Rekstrarreikningur 1.1. - 31.3.** | **Ísland** | **Færeyjar** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 6.508 | 3.419 | 9.928 |
| Tekjur innan samstæðu | ( 19) | 0 | ( 19) |
| Tekjur utan samstæðu | 6.490 | 3.419 | 9.909 |
| Framlegð | 1.162 | 584 | 1.746 |
| EBITDA | 498 | 317 | 815 |
| EBIT | 342 | 275 | 617 |
| **Efnahagsreikningur 31.3.** | | | |
| Fastafjármunir | 10.087 | 3.833 | 13.920 |
| Veltufjármunir | 5.442 | 1.811 | 7.253 |
| Eignir samtals | 15.529 | 5.644 | 21.174 |
| Langtímaskuldir | 3.987 | 1.321 | 5.309 |
| Skammtímaskuldir | 6.431 | 1.851 | 8.282 |
| Skuldir samtals | 10.418 | 3.172 | 13.591 |

**Árið 2017**

| **Rekstrarreikningur 01.01. - 31.3.** | **Ísland** | **Færeyjar** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 8.418 | 3.050 | 11.468 |
| Tekjur innan samstæðu | ( 232) | 0 | ( 232) |
| Tekjur utan samstæðu | 8.186 | 3.050 | 11.236 |
| Framlegð | 1.187 | 473 | 1.660 |
| EBITDA | 384 | 243 | 627 |
| EBIT | 234 | 204 | 437 |
| **Efnahagsreikningur 31.12.** | | | |
| Fastafjármunir | 9.968 | 3.984 | 13.952 |
| Veltufjármunir | 5.133 | 1.914 | 7.047 |
| Eignir samtals | 15.101 | 5.898 | 20.999 |
| Langtímaskuldir | 4.090 | 1.394 | 5.484 |
| Skammtímaskuldir | 5.656 | 1.979 | 7.635 |
| Skuldir samtals | 9.746 | 3.373 | 13.118 |

4. **Sala**

| Sala greinist þannig: | **2018**<br>**1.1. - 31.3.** | **2017**<br>**1.1. - 31.3.** |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 9.047 | 10.373 |
| Önnur vörusala | 862 | 863 |
| Sala samtals | 9.909 | 11.236 |
| Skipting sölu eftir vörutegundum | | |
| Bensín og dísel | 4.697 | 3.815 |
| Flugvélaeldsneyti | 609 | 3.657 |
| Skipaeldsneyti | 2.741 | 2.086 |
| Annað eldsneyti | 1.000 | 815 |
| Aðrar vörur | 862 | 863 |
| Sala Samtals | 9.909 | 11.236 |

## 5. Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 7.558 | 8.966 |
| Aðrar vörur | 605 | 610 |
| Kostnaðarverð seldra vara samtals | 8.163 | 9.576 |

## 6. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 31.3.2018 | 31.3.2017 |
|---|---|---|
| Ógreiddur tekjuskattur | 334 | 172 |
| Frestaður tekjuskattur | ( 224) | ( 112) |
| Gjaldfærður tekjuskattur | 110 | 60 |

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 1.1.- 31.3.2018 | | 1.1.- 31.3.2017 | |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 526 | | 315 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,00% | ( 105) | 20,00% | ( 63) |
| Áhrif skatthlutfalla hjá erlendu dótturfélagi | ( 0,84%) | 4 | ( 0,33%) | 1 |
| Aðrir liðir | 1,75% | ( 9) | ( 0,64%) | 2 |
| Tekjuskattur í rekstrarreikningi | 20,91% | ( 110) | 19,03% | ( 60) |

## 7. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 31.3.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Kröfur á hið opinbera | 249 | 319 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | 12 | 12 |
| Aðrar kröfur | 92 | 10 |
| Aðrar skammtímakröfur í lok ársins | 354 | 341 |

## 8. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | 31.3.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 609 | 612 |
| Þýðingarmunur | ( 1) | 16 |
| Tekjuskattur vegna eiginfjárhreyfinga | ( 4) | ( 28) |
| Reiknaður tekjuskattur af áframhaldandi starfsemi | 271 | 271 |
| Tekjuskattur til greiðslu | ( 263) | ( 263) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins | 612 | 609 |

Tekjuskattskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 537 | 535 |
| Óefnislegar eignir | 68 | 71 |
| Vörubirgðir | 11 | 16 |
| Viðskiptakröfur | 19 | 5 |
| Frestun gengismunar | ( 17) | ( 21) |
| Aðrir liðir | ( 5) | 4 |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins | 612 | 609 |

## 9. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig;

**Skilmálar vaxtaberandi skulda**

| | | 31.3.2018 | | 31.12.2017 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Lokagjalddagar | Meðalvextir | Bókfært verð | Meðalvextir | Bókfært verð |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | | | | |
| Skuldir í DKK ...................... | 2027 | 2,5% | 3.160 | 2,5% | 3.340 |
| Skammtímalán í USD .......... | 2019 | 5,0% | 512 | 4,7% | 509 |
| Skammtímalán í DKK .......... | 2018 | 2,5% | 369 | 2,5% | 203 |
| | | | 4.041 | | 4.052 |
| Skuldir í íslenskum krónum: | | | | | |
| Óverðtr. langtímalán .......... | 2022 | 5,0% | 1.894 | 5,0% | 1.901 |
| Óverðtr. skammtímalán ....... | 2019 | 5,2% | 958 | 5,2% | 1.305 |
| | | | 2.852 | | 3.206 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals ................................................... | | | 6.894 | | 7.258 |

| Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár: | 31.3.2018 |
|---|---|
| 1.4.2018 - 31.3.2019.................................................................................................... | 357 |
| 1.4.2019 - 30.3.2020.................................................................................................... | 360 |
| 1.4.2020 - 31.3.2021.................................................................................................... | 367 |
| 1.4.2021 - 31.3.2022.................................................................................................... | 366 |
| 1.4.2022 - 31.3.2023.................................................................................................... | 2.153 |
| Síðar .......................................................................................................................... | 1.450 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir ..................................................... | 5.054 |

## 10. Áhættuvarnarreikningsskil

Þann 21. apríl 2017 byrjaði félagið að beita áhættuvarnarreikningsskilum um hreina fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast milli starfrækslugjaldmiðils dótturfélagsins Magn P/F, í dönskum krónum, og starfrækslugjaldmiðils félagsins, í íslenskum krónum. Fjárfesting félagsins í Magni er varin að hluta með lántöku félagsins í dönskum krónum, en bókfært verð lántökunnar var 117millj. danskar krónur þann 31. mars 2018. Félagið hefur tilgreint alla lántökuna sem áhættuvarnargerning vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast vegna samsvarandi fjárhæðar af hreinni heildarfjárfestingu í Magn.

Félagið mælir virkni áhættuvarnarinnar út frá fjárhæð hreinnar eignar sem varin er. Að svo miklu leyti sem áhættuvörnin er virk er þýðingamunurinn vegna lántökunnar færður í aðra heildarafkomu og safnast inn á áhættuvarnarreikning meðal eiginfjár. Félagið mun endurflokka þýðingarmuninn af eigin fé yfir í rekstrarreikning ef félagið selur Magn. Félagið færir alla óvirkni, ef einhver er, strax í rekstrarreikning. Engin óvirkni var vegna áhættuvarnar á hreinni fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu á tímabilinu.

## 11. Félög í samstæðunni

| Eftirfarandi félög eru innifalin í samstæðureikningsskilunum: | Eignarhlutur | |
|---|---|---|
| | 31.3.2018 | 31.12.2017 |
| Bensínorkan ehf., Reykjavík ........................................................................ | 100% | 100% |
| Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Reykjavík ........................................................ | 100% | 100% |
| P/F Magn, Færeyjar ..................................................................................... | 100% | 100% |
| Íslenska vetnisfélagið ehf. ............................................................................ | 90% | 90% |
| Barkur ehf, Reykjavík .................................................................................. | 67% | 67% |

## 12. Önnur mál

Frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins, sem fól í sér athugun á því hvort grípa þyrfti til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns, var birt 30. nóvember 2015. Þess ber að geta að rannsóknin beindist ekki sérstaklega að félaginu sjálfu heldur eldsneytismarkaðinum í heild. Öllum aðilum tengdum eldsneytismarkaðnum var gefið færi á að koma með athugasemdir við skýrsluna og lagði Skeljungur fram rökstuddar athugsemdir sínar þar sem niðurstöðunni, aðferðafræði við útreikninga og forsendum útreikninga var harðlega mótmælt. Þann 21. september 2016 hélt Samkeppniseftirlitið svo opinn fund um málið þar sem farið var yfir niðurstöður skýrslunnar og rætt við sérfræðinga og aðila tengda eldsneytismarkaðinum. Ef til þess kemur að Samkeppniseftirlitið beini tilmælum til markaðsaðila um einhvers konar breytingar er ráðgert að það verði fyrir lok árs.

Sambærileg rannsókn fór fram af hálfu færeyska samkeppniseftirlitsins sem gaf út skýrslu um olíumarkaðinn. Ekkert liggur fyrir um áframhald skoðunar færeyska samkeppniseftirlitsins.

Rannsóknirnar höfðu hvorki áhrif á rekstur né fjárhagsstöðu samstæðunnar á tímabilinu.

## 13. Kennitölur

| Helstu kennitölur samstæðunnar: | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| | **1.1. - 31.3.** | **1.1. - 31.3.** |
| Rekstur: | | |
| Framlegð í hlutfalli af sölu | 17,6% | 14,8% |
| EBITDA / Framlegð | 46,7% | 37,8% |
| EBIT / Framlegð | 35,3% | 26,3% |
| Laun / Framlegð | 26,3% | 28,8% |
| Sölu og dreifingarkostnaður / Framlegð | 28,6% | 26,3% |
| Rekstrarkostnaður / Framlegð | 62,0% | 63,8% |
| Arðsemi eigin fjár (ársgrundvelli) | 22,6% | 14,8% |
| Efnahagur: | **31.3.2018** | **31.12.2017** |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 0,88 | 0,92 |
| Lausafjárhlutfall - (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir | 0,58 | 0,55 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA (sl. 12 mánaða) | 2,32 | 2,61 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / eignir samtals | 35,8% | 37,5% |
| Innra virði hlutafjár | 3,7 | 3,8 |